



Tilgangur

Þetta skjal inniheldur lykilupplýsingar um þessa fjárfestingarvöru. Þetta er ekki markaðsefni. Þessar upplýsingar eru áskildar samkvæmt lögum til að auðvelda þér að skilja eðli, áhættu, kostnað og mögulegan ávinning og tap af þessari vöru og auðvelda þér að bera hana saman við aðrar vörur.

Vara

Capital Allocation Fund (undirsjóður T. Rowe Price Funds SICAV)

Hlutabréfaflokkur: Class A8p (HKD)

ISIN: LU3224642077

Rekstrarfélag: T. Rowe Price (Luxembourg) Management S.à r.l.

Hringið í +352462685162 til að fá nánari upplýsingar - www.troweprice.com/sicavfunds.

Þessi sjóður hefur starfsleyfi í Lúxemborg og lýtur eftirliti Commission de Surveillance du Secteur Financier (CSSF).

T. Rowe Price (Luxembourg) Management S.à r.l. er með starfsleyfi í Lúxemborg og lýtur eftirliti CSSF.

KID dagsetning framléiðslu: 18 febrúar 2026.

Hvaða vara er þetta?

Tegund

Varan er hluti af undirsjóðnum Capital Allocation Fund („sjóðurinn“) sem er hluti af T. Rowe Price Funds SICAV („yfrirsjóðurinn“), sem er opið fjárfestingarfélag með breytilegu hlutafé (société d'investissement à capital variable) með sniði yfrirsjóðs, og lýtur l. hluta laga frá 17. desember 2010 í Lúxemborg, með síðari breytingum („2010 lögin“) og telst því vera fjárfestingasjóður (UCITS).

Tími

Sjóður er ekki með gildistíma. Aðilinn sem býr vöruna til má binda enda á þessa pökkuðu og váttryggingatengdu fjárfestingarafurð fyrir almenna fjárfesta (PRIIP) einhliða ef til endanlegs slits undirsjóðsins. Þó aðilinn sem býr vöruna til megi binda enda á þessa pökkuðu og váttryggingatengdu fjárfestingarafurð fyrir almenna fjárfesta (PRIIP) án tilhlýðilegrar ástæðu. Ein líkleg sviðsmynd er þar sem meirihluti fjárfesta í sjóðnum innleysir hluti sína, gerir stærð sjóðsins óhagstæða þannig að gera verður hann upp til að verja hagsmuni þeirra hluthafa sem eftir eru.

Markmið

Að veita heildarávöxtun með bæði tekjum og aukningu á höfuðstól.

Verðbréf í verðbréfasafni: Með sveigjanlegri eignaskiptingu er sjóðurinn undir virkri stjórn og fjárfestir aðallega í fjölbreyttu lánasafni, þar sem tekjur koma frá hlutabréfum og skuldabréfum, fyrst og fremst frá bandarískum útgefendum. Sjóðurinn kann einnig að fjárfesta í skilyrtum breytanlegum skuldabréfum, eins og nánar er lýst í lýsingunni.

Þrátt fyrir að sjóðurinn hafi ekki sjálfbæra fjárfestingu að markmiði stuðlar hann að jákvæðum umhverfislegum og félagslegum áhrifum með skuldbindingu um að fjárfesta minnst 10% af verðmæti verðbréfasafns síns í sjálfbærum fjárfestingum. Fjárfestingarstjóri framkvæmir eftirfarandi fjárfestingaráætlanir: útilokandi skimanir, sjálfbæra fjárfestingaráhættu og virkt eignarhald. Nánari upplýsingar um kynningu á umhverfislegum og félagslegum áhrifum má finna í sjálfbærniáðauka sjóðsins við útboðslýsinguna. <https://www.funds.troweprice.com/lu/en/>.

Sjóðurinn getur notað afleiður til áhættuvarna, til að styra verðbréfasafninu á skilvirkan hátt og í fjárfestingarskygni. Sjóðurinn getur einnig notað afleiður til að búa til tilbúna skortstöður í gjaldmiðlum og skuldabréfum, lánskjaravísitölum og hlutabréfum. Sjóðnum er heimilt að veita varinn kauprétt að hlutabréfum.

Fjárfestingarferli: Aðferð fjárfestingastjórans er:

- Verðbréfasafnið er byggt upp með neðangreindri nálgun á grundvelli grunn- og meginlegrar greiningar.
- Að velja verðbréf með áherslu á fyrirtæki sem búist er við að skili ákjósanlegri ávöxtun í samanburði við tengda áhættu fyrirtækisins.
- Að meta umhverfislega, félagslega og stjórnumarlega þætti („UFS“) með sérstakri áherslu á þá sem eru taldir líklegastir til að hafa veruleg áhrif á afkomu hlutabréfaeigna eða mögulegra hlutabréfaeigna í verðbréfasafni sjóðsins. Þessir UFS-þættir, sem eru hluti af fjárfestingaferlinu ásamt fjárhagsgögnum, mati, þjóðhagfræði og öðrum þáttum, eru hlutar af ákvörðun um fjárfestingu. Þar af leiðandi eru UFS-þættir ekki eini drifkraftur

fjárfestingarákvörðunar heldur einn af nokkrum mikilvægum þáttum sem eru skoðaðir við fjárfestingargreiningu.

Virkur dagur Pantanir um kaup, skipti og innlausn hlutabréfa eru venjulega afgreiddar alla daga sem eru virkir dagar í Lúxemborg nema á dögum þegar markaðir, þar sem viðskipti með verulegan hluta eignasafnsins fara fram, eru lokaðir eða daginn áður. Vinsamlegast skoðið eftirfarandi tengil, <https://www.troweprice.com/financial-intermediary/lu/en/funds.html>, varðandi viðskiptadagatal og allar undantekningar sem við eiga. Fyrirmæli sem berast og eru samþykkt fyrir kl. 13:00 á viðskiptadegi í Lúxemborg eru almennt afgreidd samdægurs.

Þú getur haft samband við fjárfestingarteymið með því að senda tölvupóst á ta.is.registration@jpmorgan.com eða hringja í síma +352 4626 85162.

SFDR-flokkun: 8. grein.

<https://www.troweprice.com/esq>.

Viðmið: 1. 60% S&P 500 Net 30% staðgreiðsluskattur og 40% Bloomberg US Aggregate Bond Index. Þetta meginviðmið var valið vegna þess að það endurspeglar allt fjárfestingarþýðið sem fjárfestingastjórinn notar og virkar þar af leiðandi sem viðeigandi afkomusamperi.

2. S&P 500 Net 30% staðgreiðsluskattur. Þetta varaviðmið var valið til að endurspegla langtímaávöxtun og áhættumat á bandarískum hlutabréfamarkaði og virkar þar af leiðandi sem viðeigandi afkomusamperi. Fjárfestingarstjórinn er ekki bundinn af vægi neins lands, iðnaðar og/eða stakra verðbréfa í tengslum við viðmiðunarvísitöluna og hefur algjört frelsi til að fjárfesta í verðbréfum sem eru ekki hluti af viðmiðinu. Í einhverjum tilfellum geta þó markaðsaðstæður leitt til þess að afkoma sjóðsins nálgast viðmiðunarvísitöluna enn frekar.

Notkun viðmiða: Samanburður á afkomu.

Viðmiðunargjaldmiðill eignasafns: USD

Aðrar upplýsingar: Tekjum í hlutdeildarflokknum er dreift til fjárfesta.

Hlutdeildarflokkurinn dregur útgjöld frá fjármagni. Það getur haft áhrif á fjármagnsvöxt í framtíðinni og lækkað höfuðstól fjárfestingarinnar. Þetta getur einnig haft skattaleg áhrif á fjárfesta, sérstaklega þá sem hafa mismunandi skatthlutfall vegna tekna og söluhagnaðar.

Fyrirhugaður almennur fjárfestir

Gæti hentað fjárfestum, óháð fyrri þekkingu og/eða reynslu, sem sækjast eftir verðmætisaukningu og tekjudreifingu og hyggjast fjárfesta til meðallangs eða langs tíma. Varan hefur enga fjármagnsábyrgð og allt að 100% af fjármagni þeirra er í áhættu. Afurðin tekur mið af sjálfbærniáherslu viðskiptavinar við ákvörðun um fjárfestingu.

Nánari upplýsingar

Vörsluáðili sjóðsins er útibú J.P. Morgan SE í Lúxemborg.

Nánari upplýsingar um sjóðinn, eintök af útboðslýsingunni, nýjustu ársskýrsluna og allar eftirfarandi hálfárskýrslur má nálgast ókeypis hjá útibúi J.P. Morgan SE, í Lúxemborg eða á vefsetrinu www.troweprice.com/sicavfunds. Þessi skjöl eru faánleg á ensku og nokkrum öðrum tungumálum (allar upplýsingar þar að lútandi er að finna á vefsvæðinu). Nýjustu tölur um verð hlutabréfa fást hjá útibúi J.P. Morgan SE í Lúxemborg.

Hvaða áhættur felast í þessu og hvað gæti ég fengið?

Áhættuvísir

1	2	3	4	5	6	7
---	---	---	---	---	---	---

Minni áhætta

Meiri áhætta



Áhættuvísirinn gerir ráð fyrir að þú eigir vöruna í 5 ár.

Áhættumælikvarðinn er leiðbeinandi um hvaða áhætta fylgir þessari vöru í samanburði við aðrar vörur. Hann sýnir hversu líklegt er að varan tapi peningum vegna hreyfinga á mörkuðum eða að við getum ekki borgað þér. Áhættumælikvarðinn byggir á gögnum um fyrri afkomu og er ekki endilega áreiðanleg vísbending um framtíðaráhættumat sjóðsins.

Við flokkum þennan sjóð með einkunnina 3 af 7, sem er miðlungs lágur áhættuflokkur. Með þeirri einkunn eru miðlungs lágar líkur á afkomutapi í framtíðinni og ólíklegt er að slægleg skilyrði á markaði hafi áhrif á getu sjóðsins til að borga þér.

Varstu gjaldmiðilsáhættu. Þú færð greiðslur í mismunandi gjaldmiðlum svo lokaávöxtun þín fer eftir skiptigenginu á milli gjaldmiðlanna tveggja. Vísirinn að ofan tekur ekki mið af þeirri áhættu.

Önnur sérstök sem tengist undirsjóðnum sem ekki er í samanteknum áhættuvísi er sett fram í útboðslýsingunni.

Þessi vara er ekki með neina vörn fyrir afkomu á markaði í framtíðinni þannig að þú gætir tapað allri eða hluta fjárfestingarinnar.

Athburðarrás rekstrarafkomu

Það fer eftir afkomu á markaði í framtíðinni hvað þessi vara færir þér. Það er ekki hægt að spá nákvæmlega um þróun markaðar í framtíðinni. Þessar sviðsmyndir eru aðeins vísbending um hvaða niðurstöðu gæti verið að vænta miðað við nýlega ávöxtun. Raunveruleg arðsemi gæti verið lægri. Sviðsmyndirnar sýna hvernig fjárfestingin gæti þróast. Þær má bera saman við sviðsmyndir annarrar vöru.

Ráðlagður eignartími:		5 ár	
Dæmafjárfesting:		100 000 HKD	
		Ef útganga er eftir 1 ár	Ef útganga er eftir 5 ár
Sviðsmyndir			
Lágmarks	Það er engin tryggð lágmarksávöxtun. Þú gætir tapað fjárfestingu þinni að hluta eða öllu leyti.		
Álag	Það sem þú færð hugsanlega til baka eftir kostnað	48 530 HKD	45 380 HKD
	Meðal arðsemi á ári	-51.47%	-14.62%
Óhagstætt	Það sem þú færð hugsanlega til baka eftir kostnað	78 120 HKD	103 960 HKD
	Meðal arðsemi á ári	-21.88%	0.78%
Hóflegt	Það sem þú færð hugsanlega til baka eftir kostnað	103 020 HKD	130 980 HKD
	Meðal arðsemi á ári	3.02%	5.55%
Hagstætt	Það sem þú færð hugsanlega til baka eftir kostnað	122 410 HKD	153 570 HKD
	Meðal arðsemi á ári	22.41%	8.96%

Tilgreindar tölur sýna allan kostnað við vöruna sjálfa, en ekki er víst að þær feli í sér allan kostnað sem þú þarft að greiða ráðgjafa þínum eða dreifingaraðila.Þ Tölurnar taka ekki tillit til persónulegrar skattastöðu þinnar, en það getur einnig haft áhrif á hve mikið þú færð til baka.

Álagssviðsmyndin sýnar hvað þú gætir borið út bítum við öfgakenndar markaðsaðstæður.

Hvað gerist ef T. Rowe Price (Luxembourg) Management S.à r.l. er ekki fær um að greiða upphæðina?

Eignir sjóðanna eru varðveittar hjá vörsluaðila hans. Komi til gjaldþrots umsjónaraðilans, mun það ekki hafa áhrif á eignir sjóðsins sem eru varðveittar hjá vörsluaðilanum. Það getur þó farið svo að sjóðurinn verði fyrir fjárhagslegu tjóni við greiðsluprot vörsluaðilans eða einhvers fulltrúa hans. Þessi áhætta er að ákveðnum hluta til komin vegna þess að vörsluaðili verður samkvæmt lögum og reglum að skila eigin eignir frá eignum sjóðsins. Vörsluaðilinn ber einnig skaðabótaábyrgð gagnvart sjóðnum og fjárfestum vegna sérhvers taps sem til verður vegna, meðal annars, vanrækslu hans, svika eða ef hann svíkst vísvitandi undan skuldbindingum sínum (með fyrirvara um tilteknar takmarkanir). Það er ekkert fyrirkomulag endurgreiðslu eða ábyrgðar sem verendar þig fyrir greiðsluþroti vörsluaðila sjóðsins.

Hver er kostnaðurinn?

Aðilinn sem ráðleggur þér um eða selur þér þessa vöru getur lagt á annan kostnað. Sé svo, mun sá einstaklingur upplýsa þig um þann kostnað og hvaða áhrif hann hefur á fjárfestingu þína.

Tímatengdur kostnaður

Töflurnar sýna hve mikið er tekið af fjárfestingu þinni til að greiða mismunandi tegundir kostnaðar. Þessar upphæðir ráðast af því hve mikið þú fjárfestir, hve lengi þú átt vöruna og hve vel varan stendur sig. Upphæðirnar sem hér eru sýndar byggja á dæmi um fjárfestingarupphæð og mismunandi mögulegan fjárfestingartíma.

Við gerum ráð fyrir:

- Eftir fyrsta árið myndir þú fá til baka upphæðina sem þú fjárfestir fyrir(0% árs ávöxtun). Hvað varðar annan haldstíma höfum við gert ráð fyrir að varan hegði sér eins og fram kemur í hóflegu sviðsmyndinni.
- HKD 100 000 er fjárfest

	Ef útganga er eftir 1 ár	Ef útganga er eftir 5 ár
Heildarkostnaður	7 068 HKD	20 792 HKD
Árleg kostnaðaráhrif (*)	7.1%	3.2% hvert ár

(*) Þetta sýnir hvernig kostnaður minnkar ávöxtun þína á hverju ári á haldstíma þínum. Það sýnir til dæmis að ef þú selur eftir ráðlagðan haldstíma er áætlað að ávöxtun þín á ári sé 8.7 % fyrir kostnað og 5.5 % eftir kostnað. Það getur verið að við deilum hluta þess kostnaðar með þeim einstaklingi sem selur þér vöruna til að greiða fyrir þjónustuna sem hann veitir.

Eingreiðsla við inngöngu eða útgöngu		Ef útganga er eftir 1 ár
Inngöngukostnaður	Áhrif af beinum kostnaði sem þú kynnir að borga þegar þú kaupir fjárfestinguna. Við leggjum yfirleitt ekki á gjöld þegar keypt er í A hlutabréfaflokki. En ef þú kaupir í sjóðum okkar í gegnum tiltekna dreifingaraðila kunna þeir að mæla svo fyrir við okkur að taka kaupgjald af upphaflegri fjárfestingu þinni. Núna 5%.	5 000 HKD
Útgöngukostnaður	Áhrif af beinum kostnaði sem þú kynnir að borga þegar þú selur fjárfestinguna. Núna 0,00%. Enginn sölukostnaður í sjóðum okkar samkvæmt útboðslýsingunni og því skal miða við hana.	0 HKD
Samfelldur kostnaður á hverju ári		
Stjórnunargjöld og önnur þjónustu- og rekstrargjöld	Áhrif bein kostnaðar sem við tökum árlega fyrir að sýsla með og stýra fjárfestingum þínum. Núna 1.67%.	1 670 HKD
Viðskiptakostnaður	0.40% af virði fjárfestingar þinnar á ári. Þetta er áætlun þess kostnaðar sem til fellur þegar við kaupum og seljum undirliggjandi fjárfestingar vörunnar. Raunveruleg upphæð verður breytileg eftir því hve mikið við kaupum og seljum.	398 HKD
Tilfallandi kostnaður við sérstakar aðstæður		
Árangurstengd þóknun (og bókfærðir vextir)	Áhrif þess beina kostnaðar sem við kunnum að leggja á þegar sjóðurinn stendur sig betur en viðmiðið. Núna 0,00%.	0 HKD

Hversu lengi ætti ég að halda í eignarhald og get ég tekið út fé eftir stuttan tíma?

Varan er hugsuð fyrir fjárfestingu til miðlungs til langs tíma. Þar sem virði fjárfestinga og tekjur af þeim geta hækkað og lækkað á mismunandi tímabilum, þarf að miða við fjárfestingatímabil sem er a.m.k. 5 ár þegar keypt er fjárfesting af þessari gerð. Mælt er með að eiga hlutina í 5 ár. Rekstrarfélagið mun innleysa einingar í sérhverjum sóði á innlausnarverði hvers viðskiptadags. Innlausn viðkomandi sjóðs tekur gildi á matstíma viðkomandi viðskiptadags. Verðið byggir á innra virði einingar í hverjum flokki eins og það er ákveðið á matstíma. Farið verður með beiðnir um innlausn sem berast eftir lok viðskipta eins og þær hafi borist fyrir næstu lok nema að rekstrarfélagið hafi ákveðið annað. Hafið samband við miðlara, fjármálaráðgjafa eða dreifingaraðila til að fá upplýsingar um allan kostnað og gjöld sem tengjast sölu hlutanna.

Hvert sný ég mér ef ég er með kvörtun?

Kjósir þú að fjárfesta í sjóðnum og hefur síðan ástæðu til að kvarta vegna hans eða sjóðsstjórans eða einhvers dreifingaraðila sjóðsins, skaltu í fyrsta lagi kvarta skriflega, í pósti eða tölvupósti þar sem fram kemur nafn þitt (fyrir löggjörðun, heiti löggjörðunar og löglegs fyrirsvarsmanns hennar) ásamt upplýsingum um hvernig hafa eigi samband við þig, og tilgreina formlega að um kvörtun sé að ræða. Þú ættir að lýsa staðreyndum kvörtunarinnar ítarlega og láta fylgja öll viðkomandi skjöl því til stuðnings. Netfang: TRP_SARL_Complaints_group@troweprice.com. Heimili: T. Rowe Price (Luxembourg) Management S.à r.l., To the attention of the Conducting Officer responsible for Complaint handling, 35, Boulevard du Prince Henri, L-1724 Luxembourg, Stórhertogadæminu Lúxemborg.

Aðrar mikilvægar upplýsingar

Upplýsingar um nýjasta yfirlit stefnu í málum er varða jöfnunargreiðslur yfir lykilþætti jöfnunargreiðslna, þar með talið en takmarkast ekki við lýsingu á hvernig þóknun og ávinningur eru reiknuð, deili á þeim einstaklingum sem bera ábyrgð á úthlutun þóknunar og ávinninga, þar með talið lýsingu á samsetningu nefndar um jöfnunargreiðslur, má nálgast á vefsvæðinu www.troweprice.com/trpluxembourgmanagementsarlremunerationpolicy. Pappírseintak af stefnu í málum er varða jöfnunargreiðslur er fánalegt án endurgjalds á skráðri skrifstofu T. Rowe Price (Luxembourg) Management S.à r.l.

Upplýsingar frammistöðu varanna á síðustu 0 árum og útreikning á sviðsmyndum fyrir afkomu á vefsetrinu:
- https://docs.data2report.lu/documents/TRowePrice/KID_PP/KID_annex_PP_LU3224642077_is.pdf
- https://docs.data2report.lu/documents/TRowePrice/KID_PS/KID_annex_PS_LU3224642077_is.pdf